

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
19. fundur þriðjudaginn 15. október 2019 kl. 9
Nefndasvið Alþingis.

F U N D A R G E R ð

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð. Þórir Haraldsson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Frásögn af fundi með nefnd um frv. til heildarlaga um starfsemi stjórnmalasamtaka.

BH, ÞV og LHG hittu nefnd forsætisráðherra sem vinnur að frumvarpi til heildarlaga um starfsemi stjórnmalasamtaka 11. október sl. til að ræða snertifleti við vinnu við kosningalagaendurskoðun. Á fundinum var rætt um skráningu stjórnmalasamtaka og listabókstafi, aðgang stjórnmalasamtaka að kjörskrá, eftirlit með fjármálum stjórnmalasamtökum og kosningaáróður. Ákveðið var að starfshópurinn myndi senda nefndinni þau atriði sem hann telur sig þurfa svör við áður en hann lýkur störfum í desember ásamt frumvarpsdrögum.

3. Ákvæði 132.-136. gr. um kosningakærur.

Ákveðið að færa 132. gr. um kærur til lögreglustjóra í kafla um refsíákvæði. Rætt um ábendingu kjörbréfanefndar 2017 um að bregðast þurfi skjótt við kærum vegna kosninga sem beint er til lögreglustjóra þar sem það styrki framkvæmd og auki á tiltrú á frjálssar og lýðræðislegar kosningar. Ákveðið að skoða betur.

Ákveðið að 3. mgr. 132. gr., um að kjósanda sé ekki skylt að skýra frá því fyrir dómi hvernig hann hefur greitt atkvæði, gildi um allar kosningar og sett í sérstakt ákvæði.

Rætt um mismunandi kærufrest milli kosninga, sjá töflu:

GILDANDI LÖG	Hver lýsir úrslitum?	Hver gefur út kjörbréf?	Hver úrskurðar um kærur?	Kærufrestur
Alþingiskosningar	Landskjörstjórn	Landskjörstjórn	Alþingi	4 vikur frá auglýsingu úrslita
Sveitastjórnarkosningar	Yfirkjörstjórn sveitarfélags	Yfirkjörstjórn sveitarfélags	Sýslumannsnefnd	7 dagar frá auglýsingu úrslita

Forsetakjör	Hæstiréttur	Hæstiréttur	Hæstiréttur	5 dagar fyrir fund hjá Hæstarétti þar sem úrslitum er lýst
Þjóðaratkvæðagreiðslur	Ráðuneytið	-	Landskjörstjórn	2 dagar fyrir fund hjá landskjörstjórn þar sem úrslitum er lýst

Rætt um að tilkynna þyrfti með hæfilegum fyrirvara hvenær fundur hjá Hæstarétti (forsetakjör) og Kosningastofnun (þjóðaratkvæðagreiðslur) verður þar sem úrslitum er lýst. Lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna voru sniðin í samræmi við lög um framboð og kjör forseta Íslands. Rætt um að samræma kærufresti forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna við kosningar til sveitarstjórna. Stilla upp tillögum í 124. og 126. gr. frv. þannig að upphafspunktur verði skýrari í forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslum: Auglýsa verður fundinn hjá Hæstarétti og Kosningastofnun með 14 daga fyrirvara og kærufrestur rennur út 7 dögum fyrir þann fund. Ákveðið að bera undir skrifstofustjóra Hæstaréttar.

Ákveðið að halda óbreyttu kerfi á alþingiskosningum og sveitarstjórnarkosningum hvað varðar kærufresti. Munur þar skýrist af því að sveitarstjórn kemur saman 15 dögum eftir kosningar en Alþingi kemur saman að hausti eftir að kosningar hafa verið haldnar að vori.

4. Ákvæði 137.-138. gr. um úrskurð Alþingis um gildi kosninga.

Ákveðið að sameina ákvæði, einfalda og setja upp í töluliði.

5. Ákvæði 139.-141. gr. um nýkjörna sveitarstjórn.

Farið yfir og rætt. Í stað leyfis dómsmálaráðuneytis í lokamálslið 2. mgr. 140. og 141. gr. frv. er lagt til að þar komi leyfi sveitarstjórnarráðuneytis enda er þar að finna nauðsynlega sérþekkingu á málefnum sveitarfélaga.

6. Refsiákvæði 142.-146. gr.

Rætt um einstök atriði refsíákvæða og hvort að það ætti að vera refsivert ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kýs eða hefur kosið. Tilgangur ákvæðisins væntanlega sá að halda uppi reglu á kjörfundi og koma í veg fyrir kosningaáróður. Ákveðið að skoða betur refsíákvæði með hliðsjón af norrænni framkvæmd.

7. Ýmis ákvæði 147.-150. gr.

Rætt um kostnað við almennar kosningar og hvort leggja þurfi til breytingar á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Einnig rætt um hvernig fara ber með kostnað við Kosningastofnun, úrskurðarnefnd kosningamála og Þjóðskrá

Íslands. Kanna nánar hvort þörf sé á gjaldtökuheimildum fyrir þessa aðila. Ákveðið að athuga betur.

Ákveðið að bæta við ákvæði, um að upplýsingalög gildi um stjórnslu kosninga, að aðgangur verði ekki veittur að meðmælendalistum, sbr. fordæmi þar um frá Persónuvernd.

8. Ákvæði 151. gr. um breytingar á lögum þessum.

Engar athugasemdir.

9. Ákvæði 152.-153. gr. um gildistöku, breytingar á öðrum lögum og ákvæði til bráðabirgða.

Bæta þarf við breytingum á þingskapalögum vegna brottfalls kjörbréfa. Ákveðið að leggja til breytingu á sveitarstjórnarlögum um að heimilt verði að kæra íbúakosningar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins en ekki dómsmálaráðuneytisins. Athuga hvort breyta þurfi sakamálalögum vegna frumvarpsins.

Ákveðið að bæta við ákvæði til bráðabirgða um að heimilt sé að hefja undirbúning Kosningastofnunar (skipa stjórn, ráða framkvæmdastjóra o.fl.) fyrir gildistöku laganna.

10. Önnur mál.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 22. október 2019 kl. 9 (heilsdagsfundur).

Fundi slitið kl. 12.